

Nr. 50/1913. Eymundur Guðbrandsson
 gegn
 Þorsteini Guðbrandssyni f. h.
 hreppsnefndar Kaldrananess-
 hrepps og sýslum. Halldóri
 Júlíussyni.

D ó m u r :

Aðalvarnaraðli í máli þessu er hreppsnefnd Kaldrananesshrepps. Áfrýjunarstefnan hefir þó ekki verið gefin út á hendur hreppsnefndinni, heldur á hendur Þorsteini Guðbrandssyni fyrir hönd hreppsnefndarinnar, og hefir stefnan verið birt honum einum. Af hálfu umboðsmannshreppsnefndarinnar fyrir yfirdómi hefir því nú og verið haldið fram, að stefndur Þorsteinn Guðbrandsson hafi ekki verið oddviti Kaldrananesshrepps, er áfrýjunarstefnan var birt honum, og af birtingarvottorði stefnuvottanna, sem ritað er á áfrýjunarstefnuna, má ráða, að þetta sé rétt hermt. Verður því að álíta, að löglegum sakaraðila hafi ekki verið birt áfrýjunarstefnan í máli þessu.

Í annan stað eru dómargerðir þær, sem lagðar hafa verið fram í yfirdómi, ólögættar. Í þær er ekki innritað neitt af skjölum þeim, 18 að tölu, er lögð voru fram í undirrætti, og eru þó 16 af skjölum þessum þess eðlis, að þau ættu að innfærast í dómargerðirnar. Tvö af skjölunum áttu hins vegar að innritast í sérstakar vitnagerðir, er áttu að fylgja dómgerðunum í löglegu formi. En slíkar vitnagerðir fylgdu ekki dómgerðunum, heldur er að eins lagt fram í yfirdómi eftirrit af réttarhaldi því, sem vitnaleiðslan fór fram í, og í eftirritið eru ekki innfærð áðurgreind tvö skjöl, sem lögð voru fram í vitnamálinu.

Af þessum ástæðum ber að vísa málin ex officio frá yfirdóminum og dæma áfryjanda til að greiða hreppsnefnd Kaldrananesshrepps 15 kr. sem ómaksbætur.

Því dæmist rétt vera:

Málinu vísast frá yfirdómi. Afryjandinn Eymundur Guðbrandsson greiði hreppsnefnd Kaldrananesshrepps 15 kr. í ómaksbætur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 23. marz.

Nr. 14/1909

Firmað Pétur Jónsson & sonur
gegn
firmanu P. M. Bjarnason & Co.

D ó m u r :

Mál þetta höfðuðu aðaláfrýjendur, firmað Pétur Jónsson & sonur í Reykjavík, með stefnu dags. 14. apríl 1908 fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn gagnáfrýjendum, firmanu P. M. Bjarnason & Co. á Ísafirði, til greiðslu á andvirði fyrir pjáturdósir, er gagnáfrýjendur höfðu fengið hjá aðaláfrýjendum árið 1907, að upphæð kr. 2656,79. Auk þess kröfðust aðaláfrýjendur kr. 1000,00 í bætur fyrir tort, tap og lánstraustsspjöll, er þeir töldu gagnáfrýjendur hafa bakað sér og kr. 3500,00 í skaðabætur fyrir